

Fimmtudaginn 2. maí 1996.

Nr. 451/1994.

Sjóvá – Almennar tryggingar hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Konráði Eggertssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðir. Slysatrygging ökumanns. Örorkumat. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1994 og gerir þær kröfur, að sér verði aðeins gert að greiða lægri fjárhæð en greinir í héraðsdómi og beri fjárhæðin vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1991 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1995 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 2.551.109 krónur með vöxtum, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að sér verði dæmd önnur lægri fjárhæð. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu gagnáfrýjanda, að ekki væri krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, svo og, að krafa um bætur fyrir varanlega örorku væri miðuð við útreikning, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur gerði 15. júní 1994. Lögmaður aðaláfrýjanda tók fram við munnlegan málflutning, að hann félli frá mótmælum varðandi rétt gagnáfrýjanda til miskabóta að öðru leyti en því, að hann teldi miskabætur, sem ákveðnar voru í héraðsdómi, of háar.

II.

Í héraðsdómi kemur fram, að gagnáfrýjandi varð fyrir bifreiðarslysi 9. október 1990 og aftur 2. apríl 1991. Slysinn urðu því, áður en skaðabótalög nr. 50/1993 voru sett.

Mál þetta varðar síðara slysið, en mál vegna hins er einnig dæmt í dag. Í bæði skiptin hafði gagnáfrýjandi slysaftryggingu öðrum hjá aðaláfrýjanda samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og veffengir hann ekki skyldu sínu til þess að greiða gagnáfrýjanda slysaftryggingarbætur. Í máli þessu er því einungis ágreiningur um, hvert sé tjón gagnáfrýjanda. Eftir reglum þeim, sem eiga við um vaftryggingu þessa, skal um ákvörðun bótafjárhæðar fara eftir reglum skaðabótaréttar.

III.

Svo sem greinir í héraðsdómi, liggur fyrir tvenns konar mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 2. apríl 1991. Björn Öundurson læknir mat 19. ágúst 1992 örorkuna 10%. Að ósk aðaláfrýjanda voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta, hver tímabundin og varanleg örorka áfrýjanda væri af völdum slyssanna tveggja. Skyldi matið bæði taka til læknisfræðilegrar og fjárhagslegrar örorku. Hinir dómkvöddu menn, læknirinn Páll B. Helgason og Stefán M. Stefánsson, prófessor í lögfræði, luku matsgerð 12. febrúar 1994. Í henni segir meðal annars, að læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda sé samtals 12,5% vegna beggja slyssanna. Matsmaðurinn Páll B. Helgason bar fyrir héraðsdómi, að hann stæði einn að hinum læknisfræðilega þætti matsins.

Ekki verður fallist á með aðaláfrýjanda, að framangreind niðurstaða Páls B. Helgasonar læknis nægi til að hnekkja fyrrgreindu örorkumati Björns Öundursonar læknis. Verður það mat hans, að varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyss gagnáfrýjanda 2. apríl 1991 sé 10%, lagt til grundvallar við mat á tjóni gagnáfrýjanda í samræmi við dómvenju, enda hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fram á, að í þessu máli séu sérstök rök til að víkja frá hinu læknisfræðilega mati.

IV.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir fjártjón vegna varanlegrar örorku styðst samkvæmt framansögðu við útreikning tryggingafræð-

ings frá 15. júní 1994. Telur hann höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda vegna hennar nema 2.090.300 krónum, en til grundvallar útreikningi voru lagðar atvinnutekjur gagnáfrýjanda árin 1987-1989 samkvæmt skattframtölum. Verðmæti misstra lífeyrisréttinda áætlaðar tryggingafræðingurinn 125.400 krónur. Krefst gagnáfrýjandi greiðslu þessara fjárhæða, en dregur frá þeirri kröfu sinni höfuðstólsverðmæti örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins, 211.036 krónur.

Með vísun til þess, sem nú var rakið, þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 1.440.000 krónur í bætur fyrir fjárfjón af varanlegri örorku (1.314.600 krónur vegna vinnutekjutaps og 125.400 krónur fyrir missi lífeyrisréttinda). Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir miska þykir hæfilega tekin til greina með 150.000 krónum.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 1.590.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en upphafstími dráttarvaxta miðast við 15. júní 1994. Þá verður aðaláfrýjanda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Konráði Eggertssyni, 1.590.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 4,7% frá 2. apríl 1991 til 1. júní 1991, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst 1991, 6,3% frá þeim degi til 1. október 1991, 5,6% frá þeim degi til 11. október 1991, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember 1991, 3,75% frá þeim degi til 11. nóvember 1991, 3,7% frá þeim degi til 21. nóvember 1991, 3,4% frá þeim degi til 1. desember 1991, 2,8% frá þeim degi til 21. desember 1991, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. febrúar 1992, 1,8% frá þeim degi til 21. febrúar 1992, 1,6% frá þeim degi til 1. mars 1992, 1,5% frá þeim degi til 21. mars 1992, 1,1% frá þeim degi til 1. maí 1992, 1% frá þeim degi til 1. ágúst 1992, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. janúar 1993, 1,2% frá þeim degi

til 21. janúar 1993, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar 1993, 1% frá þeim degi til 21. mars 1993, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl 1993, 0,8 % frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember 1993, 0,8% frá þeim degi til 11. nóvember 1993 og 0,5% frá þeim degi til 15. júlí 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i **Björns Þ. Guðmundssonar**

Ég tel, að dómur Hæstaréttar eigi að hljóða svo:

Í málinu liggur annars vegar fyrir tvenns konar örorkumat Björns Önundarsonar læknis og hins vegar örorkumat samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, Páls B. Helgasonar læknis og Stefáns M. Stefánssonar lagaprófessors, vegna slysa, sem gagnáfrýjandi varð fyrir 9. október 1990 og 2. apríl 1991, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Mál þetta varðar síðara slysið.

Hinn 23. október 1991 metur Björn Önundarson örorku gagnáfrýjanda vegna fyrra slyssins 100% í tvær vikur, 50% í sex vikur og varanlega örorku 10%, og hinn 19. ágúst 1992 metur hann örorku gagnáfrýjanda vegna seinna slyssins 100% í fjórar vikur, 50% í fjórar vikur og varanlega örorku 10%.

Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna í matsgerð 12. febrúar 1994 um örorku gagnáfrýjanda er hins vegar þessi: „Varanlega fjárhagslega örorku Konráðs metum við 12½% að meðaltali vegna beggja slysanna. Við metum ekki tímabundna fjárhagslega örorku Konráðs. Varanlega læknisfræðilega örorku Konráðs metum við 12½% vegna beggja slysanna. Tímabundna læknisfræðilega örorku Konráðs metum við vegna fyrra slyssins 100% í tvær vikur og 50% í sex vikur, en vegna síðara slyssins 100% í tvær vikur og 50% í tvær vikur.“

Í niðurstöðu matsmanna segir enn fremur m. a.:

„Við teljum útilokað að aðgreina með neinni vissu afleiðingar slysanna með tilliti til áverka Konráðs í hálsi, þannig, að örorka hans sé metin með hliðsjón af hvoru slysi fyrir sig. Eins og fyrr er rakið, er þó frumrót áverkanna í hálsi hið fyrra slys, en við hið síðara ýfðust einkenni upp. Við munum því með hliðsjón af þessu meta örorku Konráðs í einu lagi fyrir bæði slysin.“

Í málinu miðar gagnáfrýjandi við framangreint örorkumat Björns Önundarsonar, en aðaláfrýjandi við matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Þar sem aðilar deila þannig um læknisfræðileg álitæfni í málinu, bar héraðsdómara að kveðja til dómsetu sérfróða með-dómsmenn, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það gerði hann ekki, og verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með aðalmeðferð 22. júní 1994 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. ágúst 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. júní sl., höfðaði Konráð Eggertsson, kt. 050552-4899, Túnbrekku 2, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 10. des. 1992, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.551.109 kr. með einföldum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi 2. apríl 1991 til 10. des. 1992, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári af 2.685.552 kr. frá þeim degi, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins [...].

Varakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra fjárhæð lægri að mati réttarins með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkrafa stefnda.

Stefndi krefst þess, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar og málskostnaður falli niður.

Upphaflega krafðist stefndi frávísunar málsins, en féll frá þeirri kröfu undir rekstri þess.

Málavextir.

Stefnandi krefur í máli þessu um skaðabætur vegna áverka, er hann hlaut 2. apríl 1991, er ekið var aftan á bifreið hans, Y-136, á Laugavegi í Reykjavík á móts við hús nr. 174. Bifreið stefnanda var tryggð hjá stefnda, þ. á m. með slysatryggingu ökumanns. Ágreiningur aðila lýtur einungis að fjárhæð bóta og vöxtum.

Sjúkrasaga stefnanda.

Stefnandi hlaut slink á háls, herðar og mjóhryggjarsvæði og leitaði til slysadeildar Borgarspítalans vegna þess. Hinn 19. ágúst 1992 mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir örorku stefnanda. Í niðurstöðu matsins segir svo:

„Þannig er um fertugan mann að ræða, sem í nefndu slysi varð fyrir hnykkáverka á hálsliði sína, en einnig á lendhluta hryggjar og trúlega einnig á brjósthluta hryggjar. Slasaði ber nú nokkur einkenni afleiðinga slyss þessa. Taka ber fram, að slasaði hafði orðið fyrir hnykkáverka á hálsliði í umferðarslysi í október 1990, en einkenni höfðu gengið verulega til baka eftir það slys, þótt ekki væri hann einkennalaus. Hann hafði á hinn bóginn engin óþægindi eftir það slys í lendhluta hryggjar, en þar ber hann nú nokkur óþægindi eftir síðara slysið.

Slasaði á nokkurn vanda til að fá höfuðverk, sem byrjar í hnakka og leggur fram yfir höfuð, þegar verst lætur. Hreyfingar í hálsliðum eru allar sárar, bæði snúningshreyfingar svo og fram- og afturbeygja. Slasaði á bágt með að vinna upp fyrir sig, en einnig í lotinni stellingu, svo og á hann bágt með að bera í höndum. Hann þreytist óeðlilega mikið við lítið álag á mjóhryggjarsvæði.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, svo og hins, að nokkuð á annað ár er nú liðið frá áðurnefndu slysi, þykir eðlilegt að ljúka nú máli þessu með örorkumati, og þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í fjórar vikur	100%
Í fjórar vikur	50%
Varanleg örorka	10%.

Vegna slyss, sem stefnandi lenti í 9. okt. 1990, hafði Björn Önundarson tryggingayfirlæknir metið örorku stefnanda 23. okt. 1991. Í niðurstöðu þess mats segir svo:

„Þannig er um þrjátíu og níu ára gamlan mann að ræða, sem í nefndu slysi varð fyrir hnykkáverka á hálsliði. Hann leitaði samdægurs á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem hann naut meðferðar og var til eftir-

lits um sinn. Hann hefur einnig notið sjúkraþjálfunar í nokkrum mæli. Slasaði ber nú nokkur óþægindi afleiðinga slyss þessa. Hann fær við litla raun verk í hnakka, háls aftanverðan og herðar. Hámarkssnúningshreyfingar í báðar áttir valda nokkrum óþægindum, en einnig fram- og afturbeygja. Slasaði á bágt með að vinna upp fyrir sig, en einnig á hann bágt með að vinna lotinn. Hann á einnig bágt með að bera í höndum. Þá vaknar slasaði oft um nætur vegna verkja í hnakka, hálsi aftanverðum og herðum.

Ár er nú liðið frá áðurnefndu slysi og vart að vænta frekari bata af afleiðingum þess hér eftir.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af afleiðingum þessa slyss, og þykir sú örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í tvær vikur	100%
Í sex vikur	50%
Varanleg örorka	10%.“

Stefnandi höfðaði annað mál á hendur stefnanda vegna slyssins 9. okt. 1990.

Hinn 25. sept. 1992 reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur út örorkutjón stefnanda. Í fram lögðum útreikningi tryggingastærðfræðingsins segir m. a. svo:

„Samkvæmt afritum af skattframtölum Konráðs voru vinnutekjur hans á árunum 1988-1990 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

	Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið 1988	kr. 1.177.156	kr. 1.577.000
– 1989	– 970.584	– 1.137.900
– 1990	– 1.308.501	– 1.436.800
	Meðaltal	kr. 1.383.900

Tekjurnar eru frá DNG hf., Blikksmiðjunni Höfða og fleiri aðilum.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1991, frá slysdegi	kr. 1.029.500	kr. 243.000
Síðan árlega	– 1.383.900	– 138.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 161.000
Vegna varanlegrar örorku	– 1.879.100
Samtals	kr. 2.040.100

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku. Það verður í þessu dæmi 112.700 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 25. september 1992 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (5% frá slysdegi, 6% frá 1/6 91, 7% frá 1/8 91, 4% frá 11/10 91, 3,75% frá 1/11 91, 3,5% frá 21/11 91, 3% 1/12 91, 2,5% frá 1/2 92, 2% frá 11/2 92, 1,25% frá 21/3 92 og 1% frá 1/5 1992). Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 5,07%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Hinn 29. okt. 1992 var stefnda sent bréf, þar sem krafist var bóta vegna tjóns stefnanda á grundvelli örorkutjónsútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Hinn 4. nóv. 1992 gerði stefndi stefnanda tilboð um að gera tjónið upp eftir nýjum verklagsreglum, er tryggingafélögin hafa sett sér, með greiðslu 420.000 kr. auk innheimtupóknunar. Á þetta tilboð féllst stefnandi ekki.

Matsgerð dómkvaddra matsmanna.

Hinn 28. apríl 1993 voru að ósk stefnda kvaddir sem matsmenn þeir Magnús Ólafsson læknir og Páll B. Helgason læknir til þess að skoða og meta heilsufarsástand stefnanda. Hinn 4. október 1993 var Stefán Már Stefánsson prófessor kvaddur í stað Magnúsar Ólafssonar, sem óskaði eftir því með bréfi 28. sept. 1993 að verða leystur undan matsstarfanum, en þá fyrst hafði hann frétt af dómkvaðningunni. Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmenn láti í té skriflegt rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort stefnandi hafi af völdum slysa, sem hann varð fyrir 9. október 1990 og 2. apríl 1991, orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hann starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hans.
2. Ef talið verður, að hann hafi eða muni hljóta tímabundna eða varan-

lega fjárhagslega örorku af völdum slysanna, óskast hún metin í hundraðshlutum.

3. Hver sé tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda, annars vegar vegna slyssins 9. október 1990, en hins vegar 2. apríl 1991, og hver sé heildarörorka hans vegna þessara slysa.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dagsett 12. febrúar 1994, og segir þar m. a.:

„Aðalatriði matsmáls þessa eru að okkar áliti þau, að Konráð lenti í tveimur bifreiðaárekstrum. Varð hinn fyrri 9. október 1990, en hinn síðari 2. apríl 1991. Við hinn fyrri árekstur fékk Konráð hálshnykk og fór á slysa-deild Borgarspítalans að leita lækninga. Kvartaði hann þá einkum um verki í aftanverðum hálsi. Þau einkenni virðast hafa batnað tímabundið, en þó ekki lagast fyllilega. Við síðari áreksturinn fékk hann aftur hnykk á háls og leitaði enn lækninga á slyshadeild. Kvartaði hann þá um særindi í hálsi, en einnig í mjóhrygg. Í báðum tilvikum fékk hann hefðbundna læknismeðferð og eftirmeðferð, sem áður hefur verið lýst.

Ekki er ástæða til að ætla, að önnur meiðsl eða sjúkdómar komi neitt við sögu, þegar örorka Konráðs er metin, vegna þeirra tveggja slysa, sem nú hefur verið lýst.

Hin læknisfræðilegu gögn og önnur gögn máls þessa styðja frásögn Konráðs um aðdraganda slysanna og afleiðingar þeirra. Skýrsla sú, sem við tókum af honum, og læknisfræðileg skoðun benda og til hins sama. Sérstaklega skal tekið fram, að við þreifingu fundust ákaflega aum svæði í vöðvum og liðbandafestum á aftanverðum hálsi og milli herðablaða svo og yfir efri hornum herðablaðanna. Í mjóbaki mátti finna eymsli, sem liggja djúpt í svæðum hvor sínum megin við lendarhrygg í hæð við þriðja, fjórða og fimmta lendarlið yfir mjaðmarkömbum. Svo sem áður er komið fram, kom einnig í ljós við skoðun okkar, að talsvert vantar á fullan snúning til hægri í hálsi og einnig yfir til vinstri, en þó í minna mæli. Afturbeygja næst ekki til fulls, og rótarálagspróf í hálsi er sárt hægna megin.

Samkvæmt framansögðu þykir okkur óhætt að fullyrða, að Konráð hafi hlotið slæman hálshnykk sem afleiðingu beggja slysanna og þar að auki væga tognun í mjóbaki af völdum síðara slyssins. Við teljum ástæðu til að ætla, að þessi einkenni muni verða varanleg.

Svo sem fyrr greinir, er um tvö slys að ræða. Mesta örorkan virðist tengd fyrra slysi, en þá koma fram hálseinkenni, sem að vísu bötнуðu eitthvað tímabundið, en löguðust aldrei fyllilega og ýfðust öll upp við síðara slys. Það líkamstjón, sem Konráð varð fyrir í síðara slysi, felst í því, að einkennin eftir fyrra slys mögnuðust upp aftur og urðu jafnslæm og áður, en ekki var

þó um eðlisbreytingu að ræða. Mjóbakseymslí þau, sem kvartað er um eftir síðara slys, virðast há slasaða mun minna en hálsverkirnir.

Við teljum útilokað að aðgreina með neinni vissu afleiðingar slysanna með tilliti til áverka Konráðs í hálsi, þannig að örorka hans sé metin með hliðsjón af hvoru slysi fyrir sig. Eins og fyrr er rakið, er þó frumrót áverkanna í hálsi hið fyrra slys, en við hið síðara ýfðust einkenni upp. Við munum því með hliðsjón af þessu meta örorku Konráðs í einu lagi fyrir bæði slysin.

Í matsbeiðninni er okkur falið að svara þeirri spurningu, hver sé læknisfræðileg örorka Konráðs, sem við metum nú samkvæmt því, sem fyrr er rakið, í einu lagi fyrir bæði slysin. Með læknisfræðilegri örorku er átt við líkamstjón samkvæmt reynslulögmálum. Nánar miðast læknisfræðilegt mat við sjúkdómseinkenni sjúklings, starfsemi líffærakerfa og stoðkerfis, auk þess sem tekið er tillit til andlegra og félagslegra þátta. Er þá lagt til grundvallar, að sams konar áverkar séu metnir til sama hundraðshluta án tillits til starfs og menntunar tjónþola. Matsmenn telja, að ekki sé sjálfgefið, að tap vegna slyss sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og læknisfræðileg örorka er metin. Engan veginn er óhugsandi, að afleiðingar slyss geti ýmist haft meiri eða minni áhrif á tekjuöflunarhæfi hins slasaða en hin læknisfræðilega örorka gefur til kynna.

Læknisfræðileg örorka er að áliti matsmanna aðeins einn af mörgum þáttum, sem áhrif hafa við ákvörðun bóta til slasaðra manna. Aðrir þættir, sem áhrif hafa, eru t. d. aldur slasaða, atvinna hans, menntun, heilsa, tekjur fyrir slys, tekjur eftir slys, áætluð starfslok, vaxtastig það, sem notað er við afvöxtun framtíðartekna, og skattaleg meðferð slysabóta og vaxta af slysbótum.

Matsmenn benda á, að ýmsar tegundir meiðsla er ekki að finna í örorkutöflum þeim, sem stuðst hefur verið við í læknisfræðilegu örorkumati, og sum meiðsl eru þess eðlis, að erfitt er að heimfæra þau undir ákveðinn hundraðshluta samkvæmt örorkutöflum. Þá taka matsmenn fram, að þegar ákveða skal skaðabætur fyrir tekjutap í framtíðinni, er útilokað að segja fyrir um það með neinni vissu, hver verða raunveruleg áhrif líkamsspjalla á tekjuöflunarhæfi slasaðra manna. Ákvörðun um slíkar bætur hljóta því ávallt að vera háðar mati.

Spurningunni um varanlega læknisfræðilega örorku Konráðs svörum við með hliðsjón af fyrrgreindri niðurstöðu okkar um það, hverjar teljast hafa orðið varanlegar afleiðingar beggja slysanna. Er þar einkum um að ræða slæma tognun hálsvöðva og í minna mæli tognun í mjóbaksvöðvum.

Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum teljum við hæfilegt að meta varan-

lega örorku Konráðs vegna slysanna 9. október 1990 og 2. apríl 1991 í einu lagi 12½%.

Í IV. kafla hefur verið lýst helstu atriðum varðandi heilsu Konráðs fyrstu vikur eftir fyrra slys. Með hliðsjón af atvikum þykir ekki rétt að hrófla við því áliti Björns Öundarsonar læknis frá 23. október 1991, að hæfilegt hafi verið að meta tímabundna læknisfræðilega örorku Konráðs 100% fyrstu tvær vikur eftir slysið og 50% næstu sex vikur þar á eftir. Um síðara slysið ber að hafa í huga, að við endurkomu á slysadeild tíu dögum eftir slysið kemur fram, að Konráð hafi verið í sjúkrahjálfun og honum fundist það hjálpa. Hann var þó enn með óþægindi neðst í hálsi, og við skoðun voru þreifeymsli yfir hálsvöðvum neðst í hálsi og út í herðar. Var þá ráðlögð áframhaldandi sjúkrahjálfun og kragi. Ráðgerð var endurkoma að tveimur vikum liðnum, ef ástæða væri til. Samkvæmt gögnum málsins mun Konráð ekki hafa komið í þetta eftirlit. Með hliðsjón af þessu og fyrrgreindri niðurstöðu okkar um það, að orsaka heilsutjóns Konráðs sé einkum að rekja til fyrra slyssins, þykir rétt að meta tímabundna örorku Konráðs vegna síðara slyssins 100% í tvær vikur og 50% næstu tvær vikur eftir það.

Í matsbeiðni er okkur falið að svara þeirri spurningu, hver sé fjárhagsleg örorka Konráðs, sem við munum meta í einu lagi vegna beggja slysanna. Með fjárhagslegri örorku er átt við, að örorka Konráðs vegna slysanna sé metin með hliðsjón af sanngjörnum möguleikum hans til aflahæfis.

Pegar mat er lagt á varanlega fjárhagslega örorku Konráðs vegna slysanna, telja matsmenn þann kost helstan að meta, hvort afleiðingar þeirra komi til með að há honum í starfi því, sem hann stundar nú, eða í öðrum störfum svipuðum þeim, sem hann hefur stundað á undanförunum árum.

Konráð er bráðlega 42 ára að aldri. Hann hefur nú skýrt svo frá í bréfi til okkar, að skásti kosturinn fyrir sig kunni að vera sá að halda sig við blikk-smíðina, á meðan þess sé kostur.

Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að staða Konráðs til að afla tekna hafi versnað vegna slysanna og afleiðinga þeirra. Við teljum þá frásögn Konráðs rétta, að hann eigi erfitt með að vinna ýmis þau störf, sem hann þarf nú að fást við á vinnustað sínum, og alveg sérstaklega við vinnu, sem krefst átaks upp á við. Tekið skal þó fram, að vinna Konráðs er mismunandi að þessu leyti eftir verkefnum og vinnustað. Koma þannig tímabil, sem ekki útheimta átök af þessu tagi og valda honum því ekki teljandi erfiðleikum.

Í mati þessu reiknum við með því, að Konráð geti í framtíðinni og þrátt fyrir tognunaráverka sína sinnt venjulegri dagvinnu áfallalaust í starfi því, sem hann stundar nú.

Við teljum hins vegar líklegt, að Konráð verði að halda að sér höndum

með eftirvinnu, þegar og ef slík eftirvinna býðst, auk þess sem búast má við, að hann endist verr í óbreyttri vinnu sinni, eftir því sem á ævina líður, en verið hefði, ef ekki hefði komið til slysanna og afleiðinga þeirra.

Þess er loks að geta, að Konráð hefur sinnt ýmsum störfum á undanförnum árum. Engin sérstök ástæða er til að ætla, að hann hafi litið á núverandi starf sitt sem framtíðarstarf, ef ekki hefðu komið til slysin. Sum þeirra starfa, sem hann hefur stundað að undanfögnu, eru þess eðlis, að hann mun að okkar áliti eiga í erfiðleikum með að stunda þau í reglubundinni vinnu, ef hann af einhverjum ástæðum verður eða kys að hætta vinnu á núverandi vinnustað, t. d. vinnu á sjó eða á þungavélum. Ef svo fer, er sá atvinnumarkaður þrengri en áður, sem hann getur leitað á, ef miðað er við menntun hans og starfsreynslu.

Við metum öll þessi atriði þannig, að Konráð hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum slysanna.

Með hliðsjón af fyrrgreindum sjónarmiðum teljum við hæfilegt að meta fjárhagslega örorku Konráðs, sem talin verður stafa af umræddum slysum, að meðaltali 12½%.

Við teljum ekki rétt að meta tímabundna fjárhagslega örorku, þar sem auðvelt er að sanna hana með framlagningu gagna í málinu.

Niðurstöður í stuttu máli.

Við teljum, að Konráð Eggertsson hafi orðið fyrir raunverulegri skerðingu til frambúðar af völdum nefndra slysa á hæfi til að afla vinnutekna.

Varanlega fjárhagslega örorku Konráðs metum við 12½% að meðaltali vegna beggja slysanna. Við metum ekki tímabundna fjárhagslega örorku Konráðs.

Varanlega læknisfræðilega örorku Konráðs metum við 12½% vegna beggja slysanna.

Tímabundna læknisfræðilega örorku Konráðs metum við vegna fyrra slyss 100% í tvær vikur og 50% í sex vikur, en vegna síðara slyssins 100% í tvær vikur og 50% í tvær vikur.“

Útreikningur tryggingastærðfræðings.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði að nýju út örorkutjón stefnanda 15. júní 1994 og þá að ósk lögmanns stefnda. Reisir stefnandi endanlega kröfugerð sína á hluta þess útreiknings. Í bréfi tryggingastærðfræðingsins segir m. a. svo:

„Þú óskar, hr. lögm., að ég reikni framangreint örorkutjón bæði á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar lækni og út frá niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um læknisfræðilega og fjárhagslega örorku. Í síðara tilviki óskar þú, að slysdagsverðmæti sé einnig reiknað á þeirri forsendu, að

ekkert tjón verði fyrr en frá og með 12/2 1994. – Fyrri útreikningur minn er dagsettur 25/9 1992.

A. Mat Björns Önundarsonar. Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma í samræmi við mat Björns Önundarsonar, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur		Tekjutap
Árið 1991, frá slysdegi	kr. 1.056.300	kr.	248.600
Síðan árlega	– 1.413.700	–	141.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	164.400
Vegna varanlegrar örorku	–	2.090.300
	<u>Kr.</u>	<u>2.254.700</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 125.400 kr.

Dómkvaddir matsmenn, Páll B. Helgason og Stefán M. Stefánsson, hafa í matsgerð, dags. 12/2 1994, metið læknisfræðilega og fjárhagslega örorku af völdum slyssins þannig:

Tímabundin læknisfræðileg örorka:	
Í tvær vikur	100%
Í sex vikur	50%
Varanleg læknisfræðileg örorka	6,25%
Varanleg fjárhagsleg örorka	6,25%

Í raun meta matsmenn varanlega læknisfræðilega og fjárhagslega örorku af þessu tjóni og öðru, er varð 9/10 1990, samtals 12½%. Ég túlka matið þannig, að varanleg örorka skiptist jafnt milli slysanna, 6,25% á hvort.

B 1. Dómkvaddir matsmenn. Læknisfræðileg örorka.

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	82.300
Vegna varanlegrar örorku	–	1.313.300
	<u>Kr.</u>	<u>1.395.600</u>
og töpuð lífeyrisréttindi	kr.	<u>78.800</u>

B 2. Dómkvaddir matsmenn. Fjárhagsleg örorka.

Slysdagsverðmæti tekjutaps miðað við 6,25% varanlega örorku frá slysdegi reiknast 1.320.200 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 79.200 kr.

B 1. Frá 12/2 1994. Slysdagsverðmæti tekjutaps miðað við 6,25% varanlega örorku reiknast 1.048.000 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 62.900 kr.

B 2. Frá 12/2 1994. Slysdagsverðmæti tekjutaps miðað við 6,25% varanlega örorku reiknast 1.048.000 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 62.900 kr.

Tjón að frádregnum sköttum. Auk framanritaðs óskar þú, hr. lög., að reiknað sé nettótjón, þ. e. tjón að frádregnum sköttum.

Viðmiðunartekjur, sem notaðar eru við þennan útreikning, eru það háar, að þær eru langt ofan við skattleysismörk, þó að þær skerðist vegna slyssins. Skattgreiðslur, sem sparast við það, að tekjur lækka, finnast með því að beita gildandi skattprósentu á tapið á hverjum tíma. Persónuafsláttur kemur ekki inn í dæmið.

Gildandi skattprósentur á þeim tíma, sem hér um ræðir, voru: 39,79% frá 1/1 1990, 39,85% frá 1/1 1992, 41,34% frá 1/1 1993, 41,79% frá 1/1 1994 og 41,84% frá 1/2 1994. Þegar tap er lækkað um þessar prósentur, verður slysdagsverðmæti nettótaps vegna varanlegrar örorku:

A.	Kr.	1.220.700
B 1.	–	767.100
B 2.	–	771.200
B 1. Frá 12/2 1994.	kr.	609.500
B 2. Frá 12/2 1994.	–	609.500.“

Í örorkutjónsútreikningi þessum er tilgreint, hvaða vextir voru notaðir, og eru það sömu vextir og notaðir voru við útreikninginn 25. sept. 1992 fram til 11. ágúst 1993, en frá þeim tíma voru notaðir 1,25% vextir til 11. nóv. 1993 og 0,5% frá þeim degi. Tekið er fram, að einfaldir vextir frá slysdegi til 22. júní 1994 séu 6,54%. Eftir útreikningsdag voru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fari eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á XIII. kafla laga nr. 50/1987, einkum 92. gr. um slysatryggingu ökumanns, og lögum nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, einkum 119. og 24. gr. Stefnandi hafi slysatryggt sig hjá stefnda samkvæmt þessum lagaákvæðum sem ökumann bifreiðar sinnar, og beri stefnda að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann varð fyrir.

Krafa um miskabætur er reist á 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Þjáningar stefnanda vegna slyssins hafi verið töluverðar. Eins og fram komi í örorkumati Björns Önundarsonar, sé stefnandi eftir slysið oft illa haldinn af höfuð-

verk, sem byrji í hnakka og leggi fram yfir höfuð, þegar verst lætur. Þá valdi allar hreyfingar í hálsliðum verulegum óþægindum. Einnig komi fram, að stefnandi eigi mjög bágð með að vinna upp fyrir sig sem og að vinna lotinn og að bera í höndum. Loks komi fram í örorkumatinu, að stefnandi eigi við almenna þreytu að stríða eftir slysið, auk þess sem hann þreytist óeðlilega mikið í mjóhrygg. Með vísan til þess, sem hér er rakið, sé miskabótakrafan síst of há.

Fjárhæð bótakrafna miðist við reglur skaðabótaréttar og dómafordæmi héraðsdóms og Hæstaréttar um fjárhæð miska- og skaðabóta, en það sé margdæmt, að fjárhæð bóta byggist á læknisfræðilegri örorkuprósentu og útreiknuðu tjóni, byggðu á áætlunum framtíðartekjum tjónþola út frá tekjum tjónþola nokkur síðustu ár fyrir slys eftir fram töldum vinnutekjum eða meðaltekjum iðnaðarmanna, þegar um skólafólk er að ræða.

Krafa um dráttarvexti og vaxtavexti er rökstudd með vísan í III. kafla laga nr. 25/1987. Krafa um málskostnað er rökstudd með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á örorkutjónsútreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings að við bættu 50% álagi vegna væntanlegra launahækkana í landinu ásamt vöxtum og sundurliðast þannig: Höfuðstólsverðmæti tekjutaps launatekna:

V/varanlegrar örorku	kr. 2.090.300
Töpuð lífeyrisréttindi	– 125.400
– 25% vegna skattahagræðis	– 553.925
Miskabætur	– 250.000
– höfuðstólsverðmæti bóta Tryggingast.ríkisins	kr. 211.036
	kr. 1.700.739
Álag 50%	– 850.370
	kr. 2.551.109
Vextir frá slysdegi til 10. des. 1992, 5,27%	– 134.443
	Kr. 2.685.552

Stefnandi skýrir þannig 50% álagið, sem gerð er krafa um, að gera megir ráð fyrir, að málinu verði skotið til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar 1977, dómabindi bls. 516, komi fram, að ekki sé hægt að hækka kröfur frá því fyrir héraðsdómi á grundvelli nýs útreiknings tryggingastærðfræðings.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi muni ekki verða fyrir tekjutjóni í framtíðinni. Við ákvörðun bóta beri að hafa í huga hagræði af

eingreiðslu og skattfrelsi bóta, en tekjur stefnanda séu slíkar, að hann hefði greitt fullan tekjuskatt og tekjuútsvar af ætluðum tekjumissi. Staðgreiðsluskattprósenta sé 41,34%, en skattaafsláttur 23.611 kr.

Mótmælt er bótum vegna missis lífeyrissjóðsréttinda, en stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn þeirri kröfu til stuðnings, og krafan sé einnig gegn dómvenju.

Miskabótakröfu er mótmælt, en stefnandi eigi ekki rétt til miskabóta úr þeirri tryggingu, sem hann krefjist bóta úr, heldur verði hann að sækja tjónvald um þær bætur. Enginn geti kafið sjálfan sig um miska, og sé óþekkt, að miski sé greiddur úr sjúkra- eða slysatryggingum.

Örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar er mótmælt, en forsendur hans séu ósamrýmanlegar örorkutjónsútreikningi hans vegna fyrra slyss. Þá séu forsendur hans ekki í samræmi við raunverulegt tjón stefnanda.

Vaxtakröfu sé mótmælt, bæði upphafstíma vaxta, vaxtafæti og því, að vextir séu uppfærðir.

Við ákvörðun bóta verði að taka tillit til greiðslna, sem stefnandi njóti frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum.

Virðisaukaskatti er sérstaklega mótmælt.

Skýrslur aðila, matsmanna og vitnis.

Vegna málsins hefur stefnandi gefið skýrslu fyrir dómi svo og Björn Öndarson læknir, matsmaðurinn Páll B. Helgason læknir og Lárus Lárusson blikksmiður, verkstjóri stefnanda.

Fram kom hjá stefnanda, að erfitt væri að greina á milli afleiðinga slyssanna beggja. Eftir fyrra slys hafði hann ekki óþægindi í baki. Við seinna slys ýfðust upp óþægindi í hálsi, og þá bættust við óþægindi í baki. Óþægindin hefðu verið meiri eftir síðara slys. Stefnandi kvaðst alltaf finna fyrir óþægindum, sérstaklega í hálsi, en einnig oft í baki. Stefnandi notar vöðvaslakandi lyf vegna þessara óþæginda og svo verkjalyf vegna höfuðverkja. Vegna þess, sem fram kemur í matsgjörð dómkvaddra matsmanna um, að laun stefnanda hafi verið minni á árinu 1993 en 1991 og 1992, þá segir stefnandi, að það sé hvort tveggja, að árið 1993 hafi verið minni vinna, og svo hafi stefnandi helst ekki unnið yfirvinnu. Það hafi svo haft í för með sér, að stefnanda sé ekki boðin yfirvinna, þar sem hann hafi svo oft skorast undan henni.

Fram kom hjá Birni Öndarsyni lækni, sem staðfesti fram lagt örorkumat sitt, að hann teldi hægt að greina á milli afleiðinga slyssanna beggja. Samanlögð örorka stefnanda vegna beggja slysa er að álitum Björns Öndarsonar 20%. Við fyrra slys hafi stefnandi hlotið mjög slæman háls-

hnykk, og vegna þessa hafi hann fengið slæm einkenni í háls, herðar og út á axlasvæði svo og við snúning á hálsi. Vegna síðara slyss hafi einkenni frá hálsi aukist, jafnframt hafi stefnandi hlotið einkenni frá mjóbaki svo og höfuðverk í hnakka, sem leiði fram í höfuð, enn fremur síþreytu, sem sé nokkuð algeng, einkum eftir endurtekin áföll.

Fram kom hjá matsmanninum Páli B. Helgasyni lækni, að hann teldi erfitt að greina á milli áverkanna, sem stefnandi hlaut við þessi tvö slys. Einkennin séu hin sömu, þau hafi tekið sig upp aftur, ekki hafi verið um eðlisbreytingu að ræða. Matsmaðurinn taldi, að fyrir um 3–5 árum hefði sambærilegur hálsáverki verið metinn 15% og bakáverki 5%. Hann taldi breytingar á örorkumati til komnar fyrir þrýsting frá ákveðnum aðilum til þess að lækka mat frá því, sem var fyrir u. þ. b. þremur árum. Matsmaðurinn kvaðst hafa unnið með matsmönnum, sem koma úr lögmannastétt; þeir séu ragir við að fara með mat upp í t. d. 15%, sem ekki hafi verið óalgengt, á meðan læknar voru einvörðungu í þessu mati.

Fram kom hjá Lárusi Lárussyni, verkstjóra í blikksmiðju, yfirmanni stefnanda, að stefnandi væri einn besti starfsmaður, sem unnið hefði undir stjórn hans. Lárus vissi ekki nákvæmlega um ástand stefnanda nú, en fyrst eftir slysin hefði stefnandi oft verið ákaflega illa haldinn og átt erfitt um vinnu. Til skamms tíma hefði stefnandi kveinkað sér við að vinna yfirvinnu. Nú sé ekki mikið um yfirvinnu, en áður hafi verið mjög mikið um hana.

Niðurstaða.

Bótaskylda stefnda vegna áverka þeirra, er stefnandi hlaut við umræddan aftanáakstur 2. apríl 1991, sem byggist á 92. gr. laga nr. 50/1987, er viðurkennd, og verða honum því dæmdar skaðabætur, en sannað er, að hann hefur orðið fyrir fjárhagstjóni vegna slyssins.

Það, sem fram kemur í skjölum málsins svo og við skýrslutökur hér fyrir dómi, sýnir, að stefnandi hefur orðið fyrir heilsutjóni, sem hefur skert aflahæfi hans almennt og við núverandi starf.

Pegar til þess er litið, sem fram kom við skýrslugjöf læknisins Björns Öndarsonar og matsmannsins Páls B. Helgasonar læknis, m. a. það, að lækniurinn Páll B. Helgason vann einn að hinu læknisfræðilega áliti í matsgjörðinni, og jafnframt, að fyrir um þremur árum hefði örorka stefnanda verið metin herra, þ. e. 20%, vegna slysanna beggja, verður ekki talið, að því áliti Björns Öndarsonar læknis, að stefnandi hafi hlotið 10% varanlega örorku vegna slyssins, hafi verið hnekk. Ekkert hefur komið fram, sem styður þá skoðun, að í þessu máli skuli gilda aðrar reglur við mat á örorku og örorkutjóni en fram til þessa hafa gilt, og verður því við mat á fjártjóni stefnanda miðað við, að fjárhagslegt tjón hans sé svipað og læknis-

fræðileg örorka hans bendir til. Hér er og á það að líta, að hinir dómkvöddu matsmenn mátu fjárhagslega og læknisfræðilega örorku stefnanda eins.

Við ákvörðun bóta til stefnanda verður höfð hliðsjón af útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 15. júní sl., þar sem höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda vegna varanlegrar örorku var talið nema 2.090.300 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 125.400 kr., en við þann útreikning er endanleg dómkrafa stefnanda miðuð. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta samkvæmt dómvenju og hagræðis af eingreiðslu þeirra og dregið hefur verið frá verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir örorkutjón stefnanda hæfilega metið 1.350.000 kr.

Þegar litið er til afleiðinga slyss stefnanda, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 100.000 kr., enda verður ekki á mótmæli stefnda við miskabótakröfu stefnanda fallist.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 1.450.000 kr. með vöxtum frá slysdegi, eins og í dómsorði greinir. Þar sem mál þetta er dæmt að verulegu leyti á þeim grundvelli, sem lagður var með framlagningu gagna við þingfestingu þess, verða dæmdir dráttarvextir frá þingfestingardegi, 10. des. 1992.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 350.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Konráði Eggertssyni, 1.450.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 2. apríl 1991 til 10. des. 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól, í fyrsta sinn 10. des. 1993.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 kr. í málskostnað.